

Biðlistar (WPF) Ýmsar breytingar Saga 2020.1

Viðmótsbreytingar

Búið er að skipta út texta fyrir tákn í eftirfarandi dálkum í töflunni:

- **Staða**

	Ný - Ný beiðni sem á eftir að taka afstöðu til.
	Hafnað - Beiðni var hafnað.
	Forskráð - Beiðni var forskráð og á ekki enn að vera orðin virk. Hægt að skrá aðgerð fram í tímann.
	Ódagsett - Beiðni er virk en aðgerð/meðferð hefur ekki enn verið dagsett. Allar beiðnir eru fyrst ódagsettar. Vitað er að það verður aðgerð en ekki hvenær hún verður.
	Dagsett - Aðgerðin/meðferðin hefur verið dagsett en ekki innkölluð.
	Innköllun - Einstaklingur hefur verið innkallaður í aðgerð/meðferð.
	Í gangi - Aðgerð/meðferð er í gangi.
	Lokið - Aðgerð/meðferð er lokið.
	Hætt við - Hætt var við aðgerð/meðferð.
	Eytt - Beiðni er eytt.

- **Tegund innlagnar**

- Innlögn:
- Ferliverk:

- Athugasemd:

- Frávik:

Almennar breytingar

Biðlistaeining man nú síðustu stöðu á lista frá því að Saga var síðast keyrð.

Skráning beiðna – almennt

Þegar notandi velur að skrá „Ný beiðni“ þá opnast glugginn „Skrá nýja beiðni“. Glugganum hefur verið skipt upp í tvo hluta – Aðgerð og Beiðni.

- Textinn „Aðgerð“ er nú sóttur úr gagnagrunni og því stillanlegur. Textinn er sóttur úr G_GROUP töflunni með group_int = 541.

Aðgerð

Einstaklingur	<input type="text" value="Einstaklingur sem á að skrá á biðlista"/>	
Læknir	<input type="text" value="Leita að lækni"/>	
Aðgerð	<input type="text" value="Aðgerð"/>	

- Nú er hægt að vista sniðmát beiðnar fyrir biðlista.

Ef ýtt er á vista takkann efst í kaflanum „Beiðni“, opnast gluggi til að skrá nafn á nýju sniðmáti. Allir reitir í „Beiðni“ kaflanum vistast í það sniðmát. Auk þess vistast fliparnir „Fyrirmæli“ og „Til minnis“ í sniðmátinu. Til að breyta sniðmáti er hægt að gefa öðru sniðmáti nýtt nafn og velja að yfirskrifa eldra sniðmátið. Hvert sniðmát vistast niður á hvern notanda fyrir sig, á hverri deild og stofnun fyrir sig. Í stillingum má velja sjálfgefið sniðmát beiðna. Val á sniðmáti yfirskrifar alla reiti í kaflanum nema reitinn „Upphafleg umsókn“.

Skráning beiðna – kóðar

- Kóðar birtast ekki lengur í sér flipa, heldur undir nafni aðgerðar. Þar birtist einnig hvort kóðinn sé aðgerðar-, rannsóknar- eða ástæðukóði. Aðrir kóðar birtast sem „Óþekkt kóðagerð“.

Almennt Áætlun Starfsmenn Tengiliðir Fyrirmæli Til minnis

Aðgerð

Ástæða breytingar	<input type="text"/>
Einstaklingur	Jóna Jónsdóttir
Læknir	<input checked="" type="checkbox"/> Guðrún
Aðgerð	Hné


Engir kóðar skráðir




- Ef aðgerð er valin í leitarboxi fyrir kóða þá eru sjálfkrafa allir kóðar sem tengdir eru þeirri aðgerð settir inn á beiðnina. Hægt er að breyta því hvaða kóðar eru tengdir aðgerð í Stillingar > Sniðmát aðgerða.


Aðgerð

Ástæða breytingar	<input type="text" value="Skráð ástæðu þess að beiðni er breytt"/>
Einstaklingur	Jóna Jónsdóttir
Læknir	<input checked="" type="checkbox"/> Guðrún
Aðgerð	<input type="text" value="Hné"/> <ul style="list-style-type: none"> <input checked="" type="checkbox"/> Hné (Hné, gerviliður, hálf) <input checked="" type="checkbox"/> Hné (Hné, gerviliður) <input type="checkbox"/> Hné, gerviliður (TPHH, TPVH, Knee, Prostheses)

- Hægt er að bæta kóða við handvirkt með því að smella á „Bæta við kóða“ , en þá birtist gluggi þar sem hægt er að leita í rannsóknar-, aðgerðar- og ástæðukóðum. Þegar kóði hefur verið valinn lokast glugginn sjálfkrafa og kóðanum er bætt við beiðinina.



- Hægt er að hægrismella á kóða sem hefur verið bætt við handvirkt og velja: Gera að aðalkóða, Eyða kóða og Eyða öllum kóðum.



Tilvísanir

Þegar eyðublaðið „Reykjalundur meðferðarbeiðni“ berst rafrænt á stofnun og stofnuð er biðlistafærsla út frá eyðublaðinu, þá birtist nú textinn „Beiðni barst rafrænt...“ í athugasemd, í stað þess að birtast í „Til minnis“.

Stillingildi

Nýtt stilligildi nr. 6406, stýrir því hvort eyðublaðið „(or) Sjúkraskrá“ verði til þegar stöðubreyting er gerð á biðlista beiðni. Gildið í stilligildinu á að vera tölulegt gildi stöðunnar – fánlegt úr W_STATUS_TYPE töflunni. Ef ógild staða er sett í stilligildið þá er sjálfgefið gildi 60, sem táknar innköllun. Sjá nánar undir „Eyðublöð“.

Eyðublöð

- Hægt er að láta biðlista einingu búa sjálfkrafa til eyðublaðið „(or) Sjúkraskrá“ við stöðubreytingu. Stilligildi nr. 6406 stýrir því og ef það er virkt þá verður sjúkraskrá til þegar stöðubreytingin er framkvæmd.
 - Eyðublaðið verður til undir samskiptum sem stillt eru í Stillingar > Sniðmát samskipta. (Sjá nánar um þetta í Stillingar). Ef ekkert er stillt þar þá kemur upp gluggi sem leyfir notanda að velja eldri samskipti eða sniðmát samskipta.
 - Þegar eyðublaðið verður til eru ástæðu- og aðgerðarkóðar afritaðir á eyðublaðið.
 - Þar sem það er bara einn aðalkóði á biðlistafærslu þá verður sá kóði aðalkóðinn í aðgerðar- eða greiningarkafla eyðublaðsins, eftir því hvort kóðinn sé aðgerðar- eða ástæðukóði.
 - Í hinum kafla eyðublaðsins verður fyrsti kóði af viðeigandi gerð settur sem aðalkóði.
 - Rannsóknarkóðar fara ekki yfir á eyðublaðið.


- Nafn aðgerðar birtist í texta undir aðalkóða í aðgerðarkafla eyðublaðsins.

Hér sést dæmi um eyðublaðið Sjúkraskrá sem varð sjálfkrafa til þegar staða beiðni í biðlista var breytt í „Innköllum“:


Stillingar

- Hægt er að skrá sniðmát samskipta í stillingarglugga. Þetta sniðmát á einungis við biðlista og er ekki notað annars staðar. Þessi sniðmát eru einungis notuð þegar eyðublað eru búin til úr biðlistanum (Sjá nánar undir eyðublað). Sniðmátin má tengja við aðgerð, ef samskipti eiga að vera öðruvísi skráð fyrir tiltekna aðgerðir. Þó þarf alltaf að skrá eitt sjálfgefið sniðmát, sem er notað fyrir allar aðgerðir sem ekki eru tengdar sérstöku sniðmáti samskipta.

- Notendastillingar hafa ekki lengur sjálfgefið sniðmát aðgerðar. Þá hefur stillingu fyrir sjálfgefið sniðmát beiðnar verið bætt við, og eins hefur stillingin „Sjálfgefin sía“ verið endurnefnd „Sjálfgefið vinnuborð“.



- Skráning á sniðmáti aðgerða hefur verið endurbætt. Þegar sniðmáti er breytt eða nýju bætt við er hægt að leita í kóðum sem eiga að vera tengdir aðgerðinni. Þá er hægt velja hvaða kóði ætti að vera aðalkóði fyrir þessa tilteknu aðgerð.



Nánari upplýsingar um Biðlista-eininguna má finna í [vefhandbók Sögu](#).

Með kveðju,

Origo Heilbrigðislausnir